



Mótmælum aflýst í Berlín - tilfelli fyrir geðlækni



Þegar þann 1. ágúst, héldu mörg hundruð þúsund manns af ólíkasta bakgrunni friðsamleg mótmæli í Berlín. Krafa þeirra var um opinbert samráð við þá vísindamenn sem sjá ólík sjónarhorn á Covid-krisunni og tekið væri tilit til annarra sjónarmiða en uppáhalds sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

Þegar þann 1. ágúst, héldu mörg hundruð þúsund manns af ólíkasta bakgrunni friðsamleg mótmæli í Berlín. Krafa þeirra var um opinbert samráð við þá vísindamenn sem sjá ólík sjónarhorn á Covid-krisunni og tekið væri tilit til annarra sjónarmiða en uppáhalds sérfræðinga ríkisstjórnarinnar. Eins og að hætt yrði með algerlega óhóflegar ráðstafir. Eftir að lögregla batt ótímabæran endi á kröfugönguna á StraÙe des 17. Juni, ákváðu upphafsmennirnir (Querdenken 711) í kjölfarið að stofna til annarra mótmæla í Berlín í nafni friðar, frelsis og varðveislu grundvallar mannréttinda. Þau skyldu haldin laugardaginn 29.08.2020. Þann 26.08.2020, þ.e. aðeins þremur dögum áður var þessi síðari mótmælaganga bönnuð af Berlínarþinginu. Þann sama dag tjáði Heiko Maaß, þýski utanríkisráðherrann sig um sama efni í fréttatilkynningu – raunar um þau mótmæli sem eiga sér nú stað í Minsk höfuðborg Hvíta-Rússlands: „Með hinni daglega vaxandi kúgun gegn friðsælum mótmælendum, færast leiðtogar í Minsk sífellt nær jaðrinum. Þessir hugrökku borgarar fara út á götur landsins gegn kosningasvikum og vegna lagalegs réttar síns til frelsis og lýðræðislegrar þátttöku. Krafa þeirra er ekki stærrí, en heldur ekki minni en opið samtal við eigin leiðtoga.“ Kanslarinn þýski og Seibert talsmaður hennar tjáðu sig á svipuðum línunum sama dag. „Ríkisstjórn okkar kallar fólkið í Minsk sem fer út á götu vegna réttinda sinna til frelsis: hugrakka borgara en neitar hinsvegar eigin þjóð þessum sama rétti að ganga göturnar til frelsis. Er ekki slík framkvæmd kölluð geðklofi frá sálfræðilegu sjónarmiði? Um þetta fjallar Raphael M. Bonelli, austurrískur taugavísindamaður og geðlæknir í eftirfarandi myndbandi og veltir einnig fyrir sér geðheilsu stjórnvalda. Bonelli er meðstofnandi Stofnunar fyrir trúarbrögð í geðlækningum og sálfræðimeðferð sem hefur aðsetur í Vín. Á YouTube-rás samtakanna talaði hann þann 26.08.2020 um bannið gegn mótmælunum í Berlín og sagði einnig að ríkisstjórnin okkar sýni m.a. sjálfhverfa persónuleikaröskun, sem að hans mati þurfi að meðhöndla hið bráðasta. En hlustið sjálf.

Raphael M. Bonelli:

Kæru vinir, ég var að fréttu að mótmælin sem eiga að vera á laugardaginn í Berlín gegn Covid-19 aðgerðunum hafi verið bönnuð, eftir að mörg mótmæli með öðrum tilgangi hafa verið leyfð. Það tel ég vera mjög slæma hugmynd út frá sálfræðilegum ástæðum sem ég lýsi hér: Kæru ábyrgðaraðilar, þið stuðlið að gríðarlegri stigmögnun og að mínu mati er það versta sem þið getið gert. Í lýðræði verðum við að þola mótmæli, líka gagnvart aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Þið þurfið sálrænt séð að halda það út að einhver sé á annarri skoðun og að þið og einhverjir aðrir sjái hlutina öðruvísi, bæði hvað grímuskyldu sem og aðrar aðgerðir sem eru vísindalega séð dregnar í efa af mörgum sérfræðingum. Auðvitað segja líka margir að þær séu gagnlegar. Þess vegna eru þær settar á. Margir segja að þær séu alls ekki gagnlegar. Vísindalega séð er því ekki allt á hreinu og eðlilegt að fólk varpi fram

skynsamlegum spurningum – líka þó maður sé ekki sammála þeim - og fari á götuna og segi: Ég sé þetta svona og þess vegna finnst mér ekki gríman í lagi, lokunin er ekki í lagi, þetta og hitt er ekki í lagi. Ég verð að segja að við þurfum að geta þolað þetta. Ég þekki þetta í hjónabandsráðgjöf að einhver þolir alls ekki að hinn fái að tjá sig. Svona kemur mér þetta fyrir sjónir. Að annar er mjög yfirgangssamur. Það hefur mjög mikið með það að gera að maður getur ekki hlustað á það sem hinn er að velta fyrir sér. Ég hef það líka á tilfinningunni að tölurnar sem nefndar voru af opinberum aðilum í síðustu mótmælum þann 1.8 gegn aðgerðunum, þannig að markvisst hafi verið dregið úr þeim. En ef þær voru svona lágar er það jú ekkert vandamál ef að nokkrir brjálæðingar halda aftur mótmæli. En það er greinilega ekki þannig. Þar að segja, þessi gríðarlega hræðsla, eða að skilja alls ekki hvað hinn er að reyna að segja. Hinn gagnrýnir mig, ég get alls ekki hlustað á það. Það er sjálfupphafningar-persónuleikaröskun! Já, það að geta ekki hlustað á hvað annar segir hvað ég geri rangt, það er hrein og klár sjálfupphafningar- persónuleikaröskun. Kannski þekkið þið þetta líka frá ykkur sjálfum. En að heilt ríki starfi svona sjálfupphafið, það er gríðarlegt vandamál vegna þess að sjálfupphafning er mjög nálæg alræðisríki! Já, skiljið þið þetta? Ef maður má ekki lengur segja þeim, sem maður hefur veitt leyfi til að stýra ríkinu, því maður kys jú bara fyrir nokkur ár í einu og gefur þannig stjórnarleyfi, að maður taki það ekki til baka og gefi það til einhvers annars. Ef ein manneskja getur ekki hlustað á það að hann sé ekki að gera hlutina rétt er hann á vitlausum stað í lýðræðisríki! Það stemmir eitthvað ekki. Dömur mínar og herrar, ég vona svo innilega og ég er með ákall til að sefa niður svo stigmögnun verði ekki. Ég hef heyrt að mótmælendur ætli samt til Berlínar og ég hef miklar áhyggjur að ekki komi til götuóeirða, að lögreglan lendi ekki í klemmu þar sem skipanir komi sem þeir siðferðilega séð geta ekki staðið á bak við. Þar að segja hef ég ekki einungis heyrt í einum heldur mörgum aðilum innan lögreglunnar að þeir eigi erfitt með að framfylgja skipunum frá yfirvöldum og sýni frekar mótmælunum stuðning. Að þeir séu meir eða minna gegn sínum vilja ... hafi tilfinningu að framkalla stemmningu fyrir borgarastríði. Það er vítavert gáleysi. Það get ég virkilega dæmt sem geðlæknir. Ekki gera þetta! Takið þetta til baka! Leyfið fólkinu að mótmæla! Maður mótmælir öllu mögulegu. Allskyns ruglugdallar hafa ekki farið út á götuna út af einhverju. Þetta er meinlaust.

Ahverju halda þeir ekki út? Þetta er eitthvað fólk, mögulega nokkur þúsund manns sem mæta aftur, kannski 20.000 eins og síðast. Þar verð ég að hlægja aðeins af þessu, þau segja eiginlega að aðgerðirnar séu ekki góðar. Já, og? Þið getið ráði við það og ef ekki þá getið þið mætt á læknastofur kollega minna eða til mín. Við gætum hist á skypefundum. En kæru ábyrgðaraðilar, þetta var mjög slæm hugmynd. Þið verðið að hætta að láta þetta stigmagnast. Þetta er stigmögnun! Fólk fær það náttúrulega meir og meir á tilfinninguna að frjáls hugsun sé bönnuð. Vitnisburðurinn -, ég fæ fullt af SMS skilaboðum og upplýsingum – og matið, afhverju búið er að banna fundinn, það er furðulegt, nefnilega: "Fundir ykkar beinast gegn aðgerðum stjórnvalda" – en það má maður, það er rökrétt – „þ.e.a.s. að einstökum landshlutastjórnnum, sem þið teljið óhófleg. Þið sjáið frelsisréttindi ykkar markvisst vera takmörkuð, sem helst í hendur við rangt mat á raunverulegri heilsufarsáhættu sem stafar af SARS-Cov2 veirunni.“ Þetta þýðir, mín kæru að þið trúið að þið hafir einkaleyfi sannleikanum. Það er ekki tilfellið. Enginn aðili í ríkisstjórninni er sérfræðingur í þessum málum. Sérfræðingarnir sjálfir eru ekki sammála. En stærsta vandamálið er sálrænt, að fólk sem finnst að frelsis réttindi þeirra sé óhóflega takmörkuð er bannað að mótmæla því. Hversu heimskulegt er það? Þið eruð sem sagt að efla andstæðinga þína. Skiljið þið þetta? Svo að ég get aðeins ráðlagt ykkur frá því að láta þetta stigmagnast frekar á þennan hátt. Vinsamlegast róið til baka. Það er alls ekki góð hugmynd.

eftir pkr./rw./ah.

Heimildir:

<https://www.youtube.com/watch?v=IM7VQq5HgPE>

<https://www.auswaertiges-amt.de/de/newsroom/maas-entwicklung-lungen-belarus/2377358> <https://deutsch.rt.com/inland/106021-haben-uns-fur-leben-entschieden/>

Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Covid-19 - www.kla.tv/covid-19-is

Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálzar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrt frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á www.kla.tv/is

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: www.kla.tv/abo-is

Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: www.kla.tv/vernetzung&lang=is

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknunum af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.